



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Bæjarráð Kópavogs
Ásdís Kristjánsdóttir
Kópavogsbær
Digranesvegi 1
200 Kópavogi

Kópavogur, 4. mars 2025.
Málsnr. 2409007
PBG/HH

Efni: Þjónustusamningur sveitarfélaga og ríkis við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf. og samstarfssamningur Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.

Á 624. fundi stjórnar SSH, hinn 2. mars 2026, var ofangreint til umræðu og eftirfarandi bókað í fundargerð vegna þess:

2409007 - Fyrirkomulag almenningssamgangna ríkis og sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi eru drög að þjónustusamningi sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu og ríkisins við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.

*Jafnframt eru fyrirliggjandi drög að samstarfssamningi milli Strætó bs. og Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf.
um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.*

Er gerð tillaga um að framangreindum samningsdrögum verði vísað til umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélaganna og fylgt eftir þar með kynningum verði eftir því leitað.

Niðurstaða fundar:

Samþykkt.


Samkvæmt framangreindu er því farið fram að meðfylgjandi drög að þjónustusamningi sem tilgreind eru í staflið b) verði tekin umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins og að framkvæmdastjóra þess verði veitt fullt umboð til undirritunar samningsins.

Er einnig farið fram að meðfylgjandi drög að samstarfssamningi sem tilgreind eru í staflið c) verði tekin umræðu og afgreiðslu á vettvangi sveitarfélagsins.

Er þess óskað að upplýsingar um afgreiðslu málsins berist í netfangið ssh@ssh.is.

Sé frekari kynningar óskað skulu beiðnir þess efnis berast undirrituðum í netfangið pallbg@ssh.is eða síma 8218179.

Virðingarfyllst,
Fyrir hönd SSH


Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri

Skjal sótt af '0000000000' dags: 20.08.2026



Samtök sveitarfélaga á
höfuðborgarsvæðinu

Meðfylgjandi:

- a) Minnisblað Páls Björgvins Guðmundssonar framkvæmdastjóra SSH um þjónustusamning og samstarfssamning vegna almenningssamgangna dags. 2. mars 2026.
- b) Lokadrög þjónustusamnings sveitarfélaga og ríkis við Almenningsamgöngur höfuðborgarsvæðisins ohf.
- c) Lokadrög samstarfssamnings Almenningsamgangna höfuðborgarsvæðisins ohf og Strætó bs. um rekstur almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.